



Umbótaáætlun Skarðshlíðarskóla

Ytra mat september 2021

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
Skólaráð hafi árlega opinn fund fyrir alla aðila skólasamfélagsins.	Hafa opinn fund inn á starfsáætlun skólaráðs.	Sett inn í starfsáætlun haust 2021	Haft inn í áætlun á hverju ári héðan í frá.	Skólastjóri Skólaráð	Rætt og yfirfarið á síðasta skólaráðsfundi vorsins.
Fjölga kennslustundum á unglingastigi í valfögum og list- og verkgreinum.	Nemendur í 9. og 10. bekk eru með 10 tíma á viku og nemendur í 8. bekk eru með 7. tíma. Verður skoðað hvort hægt sé að auka val nemenda í 8. bekk varðandi list og verkgreinar.	Maí 2022	Júní 2022	Skólastjórnendur	Vor 2023 þegar farið er yfir síðasta skólaár og árangur metinn og gerðar tillögur að úrbótum.
Gefa færi á að hafa fleiri almenna starfsmannafundi/fjölga almennum starfsmannafundum.	Fundað einu sinni í viku með almennu starfsfólki og reglulega með kennurum á kennara- og deildarfundum. Þá daga sem frístundastarfsfólk er með starfsdaga er fundur með öllu starfsfólki. Trúnaðarmaður almennra starfsmanna mun sitja kennarafundi og mun upplýsa almenna starfsmenn á næsta skóla og frístundaliðafundi.	Febrúar 2022	Haust 2022	Skólastjórnendur	Alltaf í júní hvert ár þegar skólaárið er metið. Starfsmannaviðtöl vor 2022.
Birta opinberlega símenntunaráætlun.	Verður sett á heimasíðu skólans.	Apríl 2022	Júní 2022	Skólastjóri	Gert í júní á hverju ári.
Huga að því að allir aðilar skólasamfélagsins hafi aðkomu að endurskoðun	Staðið hefur til að vera með lýðræðisþing fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra en vegna Covid hefur það ekki verið gert en stendur til að vera	Febrúar 2022	Maí 2022	Skólastjórnendur	Þegar unnið er úr niðurstöðum sem koma fram á lýðræðisþing.

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

skólaregla, skólanámskrár og starfsáætlunar.	með það einu sinni á ári. Er einnig tekið fyrir í skólaráð á hverju ári.				
Gæta þess að hinn almenni nemandi viti hverjir sitja fyrir hönd þeirra í ráðum og nefndum og hvert er hlutverk þeirra.	Kynna ráð og nefndir fyrir nemendum á mið og unglingastigi á haustin þegar kosningu er lokið. Setja upplýsingar um nefndir og ráð á heimasíðu skólans.	Febrúar 2022	Apríl 2022	Deildarstjóri tólmstundamiðstöðvar	Október á hverju ári eftir að kosning fer fram.
Efla upplýsingaflæði innan skólans, meðal annars við komu nýrra nemenda.	Eftir að við fengum þessa ábendingu er byrjað að senda upplýsingar í tölvupósti á alla starfsmenn þegar nýr nemandi byrjar. Einnig kemur frétt í vikupóstinn ef nýir starfsmenn byrja.	Nóvember 2021	Nóvember 2021	Skólastjórnendur Skrifstofustjóri	Rætt í starfsmannaviðtölum og í uppgjöri skólaársins sem fer fram í júní.
Huga að því að fylgjast reglulega með starfi alls starfsfólks og veita endurgjöf.	Kennarar gera kennsluáætlun í upphafi skólaárs sem verður sýnileg nemendum og foreldrum. Stjórnendur funda reglulega með kennurum á deildar- og kennarafundum. Stjórnendur fylgjast með kennslu með markvissum hætti. Vikulegur fundir með skóla og frístundaliðum þar sem farið er yfir störf þeirra og þekking þeirra efl.	Haust 2021	Vor 2022	Skólastjórnendur	Starfsmannasamtöl í febrúar og mars ár hvert Á vorin þegar farið er yfir síðasta skólaár og árangur metinn og gerðar tillögur að úrbótum.
Gera formlega verkaskiptingu stjórnenda sýnilega.	Unnið verður með verkaskiptingu stjórnenda og hún gerð sýnileg í starfsmannahandbók skólans.	Mars 2022	Júní 2022	Skólastjórnendur	Í júní þegar skólaárið er gert upp og næsta skólaár skipulagt.

Birta á heimasíðu lista yfir starfandi teymi og ábyrgðaraðila þeirra.	Listi yfir teymi verður settur á heimasíðu skólans.	Febrúar 2022	Mars 2022	Skólastjórnendur	Október ár hvert þegar búið er að stofna teymin og raða í þau.
Birta áfallaáætlun á heimasíðu.	Verður sett á heimasíðu skólans.	Febrúar 2022	Febrúar 2022	Skólastjóri	Á hverju vori þegar farið er yfir allar áætlanir og þær uppfærðar.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
Stefna ætti að því að gera einstaklingsnámskrár fyrir fleiri nemendum skólans en nemendum með metnar sérþarfir.	Til að koma til móts við fleiri nemendur en þá sem eru með sérþarfir er verið að samþætta námsgreinar og þjálfar nemendur í ólíkum nálgunum á viðfangsefni. Verið er að innleiða UDL (Universal Design for Learning) í skólann með það að markmiðið að útrýma hindrunum fyrir nemendur og gefa þeim tækifæri á að vinna verkefni á ólíkan máta þó þau séu að vinna með sömu markmið.	Haust 2022	Vor 2024	Skólastjórnendur og UDL teymi	Metið í júní ár hvert þegar farið er yfir síðasta skólaár og árangur metinn og gerðar tillögur að úrbótum.
Greina hvað veldur hnignandi árangri nemenda á samræmdum könnunarprófum.	Deildarstjóri stoðþjónustu, sérkennarar og umsjónarkennarar setjast yfir niðurstöður og útbúa aðgerðaráætlun. Skólastjórnendur fara yfir niðurstöður og aðgerðaráætlun á stjórnendafundi og gera viðmið um þann árangur sem stefn er að.			Deildarstjóri stoðþjónustu	Þegar og ef samræmdpróf fara aftur af stað.
Gera nemendum á yngri stigum betur grein fyrir hæfniviðmiðum og viðmiðum um árangur.	Hafa hæfniviðmið sýnilega upp á vegg, einnig þau markmið sem verið er að vinna með í hverri námslotu eða hverju verkefni. Nemendur verða þjálfaðir í að lesa úr og nýta sér þessar upplýsingar.	Febrúar 2022	Desember 2022	Stjórnendur	Metið á lýðræðisfundum með öllum árgöngum vor 2023.
Huga betur að bráðgerum nemendum.	Vera með verkefni sem ýta undir fjölbreytti vinnubrögð og þjálfar nemendur í ólíkum nálgunum á	Haust 2022	Vor 2023	Stjórnendur umsjónarkennarar	Metið í júní ár hvert þegar farið er yfir síðasta skólaár og árangur metinn

	viðfangsefni. Kynna fyrir nemendum fjölbreyttar leiðir á verkefnaskilum. Fjölga tækifærum nemenda á mið og unglíngastigi til að vinna að áhugasviðsverkefnum. Kynna áhugasviðsverkefni markvisst fyrir nemendum á yngsta stigi. Með áhugasviðsverkefnum og skapandi skilum nýta nemendur frekar styrkleika sína í verkefnavinnu.				og gerðar tillögur að úrbótum.
Kennarar gætu nýtt enn betur teymiskennslu en stefna, skipulag og aðstaða styður vel við þá stefnu.	Hluti af endurmenntun kennara skólaárið 2021 til 2022 er teymiskennsla. Fengin var sérfræðingur um málefni teymiskennslu til að vera með námskeið í október 2021 en til stóð að hann kæmi aftur fyrir áramót en það tókst ekki en áfram verður haldið á sömu braut um leið og Covid leyfir. Þá er kynning á teymiskennslu og hvernig er unnið í teymum í Skarðshlíðarskóla á hverju hausti þegar nýtt starfsfólk kemur til starfa.	Haust 2021	Vor 2022	Stjórnendur	Endurmetin þörf á fræðslu um teymiskennslu á hverju vori.
Efla samvinnu og samstarf nemenda.	Hvetja kennarar til að gefa þessum þætti meira vægi með hópverkefnum og samvinnuverkefnum.	Ágúst 2022	Júní 2023	Umsjónarkennarar og stjórnendur	Lagt upp með þetta markmið fyrir skólaárið 2022 – 2023. Metið í júní 2023.

Gæta þess að nemendur hafi tækifæri til að setja sitt mark á einstaklingsbundin markmið.	Kennarar þjálfa nemendur í þessari færni í upphafi nýs verkefnis eða viðfangsefnis.	Febrúar 2022	Viðvarandi	Kennarar og stjórnendur	Metið í júní ár hvert þegar farið er yfir síðasta skólaár og árangur metinn og gerðar tillögur að úrbótum.
Auka hlutfall leiðbeinandi kennslustunda.	Gera kennurum grein fyrir mun á leiðbeinandi kennslustundum og fræðandikennslustundum og hvetja þá til að nota oftari leiðbeinandi kennslustundir. Setja inn í kennsluskra skapandi verkefni sem hægt er að nota ólíkar lausnir.	Febrúar 2022	September 2023	Stjórnendur	Metið í júní 2023 þegar farið er yfir síðasta skólaár og árangur metinn og gerðar tillögur að úrbótum.
Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.	Hafa þau markmið sem verið er að vinna með í hverri námslotu eða hverju verkefni sýnileg upp á vegg. Nemendur verða þjálfaðir í að lesa úr og nýta sér þessar upplýsingar.	Febrúar 2022	Desember 2022	Kennarar og stjórnendur	Metið á lýðræðisfundum með öllum árgöngum vor 2023.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
Skípa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem getur haft áhrif á skipulag og framkvæmd mats.	Breyta innra matsteymi skólans og fá fulltrúa úr ólíkum hagsmunahópum inn á ákveðna fundi til að taka þátt í og hafa áhrif á skipulag og framkvæmd matsins.	Vor 2022	Haust 2022	Skólastjóri	Vor 2023
Ræða umbætur og þróun við matsteymi skipað fulltrúum allra hagsmunaaðila.	Útbúin starfsáætlun fyrir matsteymið þar sem fundir teymisins og málefni koma fram.	Vor 2022	Haust 2022	Skólastjóri	Á lokafundi matsteymis vorið 2023, þar sem farið er yfir árið og útbúin áætlun fyrir komandi skólaár.
Birta opinberlega tímasetta umbótaáætlun með verkefnum, þátttakendum, ábyrgðaraðilum, markmiðum (ef við á) og hvenær og hvernig á að meta umbætur.	Setja umbótaáætlunina í starfsmannahandbók skólans þar sem allir starfsmenn hafa aðgang að henni.	Vor 2022	Haust 2022	Skólastjórnendur og deildarstjóri UT	Júní 2023 þegar farið er yfir umbótaáætlun og hún endurmetin.
Hafa langtímaáætlun (3 - 5 ára) þannig að sjá megi	Til er langtímaáætlun til þriggja ára en það þarf að búta hana niður til að það	Mars 2022	Júní 2023	Skólastjóri	Endurmetið á hverju vori og áætlun uppfærð í

hvaða þætti á að meta á hverju skólaári.	sjáist betur hvað þætti á að meta á hverju ári.				kjölfarið. Kynnt fyrir skólaráði á síðasta fundi vorsins.
Kynna niðurstöður innra mats, svo sem Skólapúlsins, formlega fyrir nemendum og forsjáraðilum.	Niðurstöður voru kynntar á haustönn 2021 fyrir nemendum á unglíngastigi. Stefnt er að því að kynna niðurstöður fyrir þeim árgögnum sem taka þátt í hverri könnun þegar niðurstöður liggja fyrir. Helstu niðurstöður úr hverri könnun verða kynntar fyrir foreldrum með frétt á heimasíðu skólans. Einnig eru niðurstöður kynntar fyrir skólaráði.	Haust 2021	Viðvarandi	Skólastjónendur	Borðið undir starfsmenn og skólaráð vor 2022
Setja sérstaklega fram innra mats skýrslu líðandi árs og fyrri ára og birta á heimasíðu skóla.	Taka saman það efni sem til er um innra mat og útbúa skýrslu um matið sem á sér reglulega stað í skólanum. Birta skýrsluna á heimasíðu skólans.	Mars 2022	Maí 2022	Skólastjóri	Endurskoða skýrsluna júní 2023